

## Konungar kynskiptanna. Christopher Rufo (júlí 2024)

Það er kjarninn í trúboði kvenfrelsaranna, að skaparanum (eða náttúrunni) hafi orðið á mistök, þegar karl- og kvenkyn komu til sögunnar, því karlkynið hafi kúgað hitt. Móðurhlutverkið er þáttur í þessari kúgun. Því ríkir ójafnrétti millum kynjanna og frelsisbarátta kvenna er nauðsynleg.

Mistökin uppgötvuðust upp úr miðri nítjándu öldinni hjá yfirstéttarfrúm Evrópu og Bandaríkjanna. Eftir aðra heimstýrjöld fékk kvenfrelsunartrúboðið byr undir báða vængi. Auðjöfrar og sjóðir þeirra báru fé á hreyfingu kvenfrelsara. Skólarnir, sem þeir fjármagna, að miklu leyti, tóku hugmyndunum með opinni buddu. Kvenfrelsunarfræði urðu að virðulegum vísindum og trúarbrögðum meðal stjórnámálanna og almennings.

Kvenfrelsunarvísindamennirnir spreyta sig stöðugt á að finna ný tilbrigði við kúgun karla á konum og færa á þau sönnur. Stríðið gegn körlum er árangurríkt, en samtímis hafa konur aldrei verið ólukkulegri. Geðlyfjaneyslan er ótrúleg. Karlar eru líka ólukkulegir. Þeir skrá sig út úr samfélaginu; draga sig til hlés, svipta sig lífi eða gefa sig fíkn á vald. Það þarf varla að fjölyrða um bágindi barna. Strákarnir eru orðnir skólaskussar og forðast æðri menntun, enda illa læsir margir.

Næsti þáttur í upplausnarframvindunni var kynið sjálft. Fleiri mistök skaparans komu í ljós. Kvenfrelsunarspekingarnir beindu spjótum sínum að eðlislægri kynskiptingu í karl- og kvenkyn. Eðliskyn er ekki til, sögðu þeir. Kyn er valfrjálst og það þarf að kenna börnum frá unga aldri.

Kennslumyndir hafa verið gerðar í þessu skyni eins og „Mamma er með yfirvaraskegg“ (Mama has a Mustache). (Katrín Jakobsdóttir beitti sér sérstaklega fyrir samningu þess háttar námsefnis.) Auðjöfrar eins og kynskiptingurinn, Jennifer (James) Pritzker, opnuðu budduna eins og sjóðir Ford og Rockefeller (og fleiri) áður, þegar fyrri mistök skaparans uppgötvuðust.

Skólaðir kvenfrelsarar segja kynfrelsun byltingu mannkyns. Rosa Lee gerir sér í hugarlund, að kynskiptingar séu hin nýja framvarðarsveit kúgaðs verkalýðs. En eins og

kunnugt er boðaði Karl Marx (1818-1883) frelsun hans í blóðugri byltingu. Bók sína kallar Rosa „Kynskiptingabyltingarfræði“ (Transgender Marxism).

Kynskiptingurinn, Susan Stryker, hefur heldur ekki legið á liði sínu við eflingu fræðanna. Hún segir trúboðsstarf sitt felast í að skapa kynjaóreiðu, svo auðveldara verði að umbreyta kyninu með tilliti til samfélags og umhverfis. Kroppur hennar sé farvegur reiði og hefndar gegn gagnkynhneigðinni, segir hún. Markmiðið er að vinna gegn kúgun náttúrunnar og eyðileggja hefðbundin fjölskyldugildi. (Þetta er líka boðskapur Alheimsefnahagsráðsins.)

Samtímis þróun fræðanna vinna kynskiptingabyltingarmennirnir að því að meitla trúna í löggjöf. Jósep Biden segir það jaðra við synd að neita barni um kynbreytingameðferð, þ.e. lyf og skurðaðgerð. Slíkar aðgerðir eru víða stundaðar í Bandaríkjunum. Kynbreyting er arðvænlegur atvinnuvegur.

Það veldur þó sumum læknum og hjúkrunarfræðingum ónotum að skemma líkama ungra barna. Eitam Heim, sem starfaði á stærsta barnasjúkrahúsi Bandaríkjanna í Texas, ofbauð. Hann gerðist uppljóstrari. Nú situr hann á sakamannabekknunum, ákærður fyrir að hafa gægst í sjúkraskrár.

Blaðamaðurinn, Christopher Rufo, skrifaði um þetta grein og margar fleiri um efnið. Ein þeirra ber fyrirsögnina; „Konungar kynskiptanna“ (The Transgender Empire).

Annar óþekktargemlingur, sálfræðingurinn kanadíski, Jordan Peterson, á fróðlegt viðtal um málið við hinn geðþekka Eithan. Það má nefna í þessu sambandi, að Jordan er til rannsóknar hjá Sálfræðingafélaginu sínu. Sakarefnið er óvirðing við fjölbreytileikann, þ.e. afbrigðilegt kynferði og iðkendur afbrigðislegs kynlífs.

<https://christopherrufo.com/p/the-business-of-transgenderism>

<https://www.youtube.com/watch?v=Xwsekb5QReo>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2303856>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/month/2021/4/>

<https://frettin.is/2023/04/19/kynami-kynjavitfiring-kennarar-og-logreglumenn/>

<https://frettin.is/2022/08/27/kyngimognud-kynleysa-og-mugsefjun/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/month/2021/5/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2265051/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2269999/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/month/2021/7/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/month/2021/6/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/month/2021/9/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/month/2021/10/>

<https://frettin.is/2022/10/02/kynskipti-eru-drengir-randyr-en-stulkur-tholendur/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2262632/>

<https://frettin.is/2023/04/04/sjuk-kvenfrelsun-kynbreytingaidnadurinn-redurofundin-og-ofbeldid/>

[https://formannslif.blog.is/blog/formannslif/entry/2303842/?fb=1&fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTEAAR1U6YJ4TlgD22qUDt1HxGtvRgRrhepPPJROTEvp4EuYr\\_OD25QUV6M VVc\\_aem\\_J6hegwZzKtkOXQSVKaEtwA](https://formannslif.blog.is/blog/formannslif/entry/2303842/?fb=1&fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTEAAR1U6YJ4TlgD22qUDt1HxGtvRgRrhepPPJROTEvp4EuYr_OD25QUV6M VVc_aem_J6hegwZzKtkOXQSVKaEtwA)

<https://frettin.is/2023/05/22/born-eru-blekkt-til-ad-thiggja-kynstadfestingar/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/month/2021/3/>

<https://www.visir.is/g/20201999956d/kyn-roskun-stulkna.-hin-nyja-modur-syki->

<https://www.transgendermap.com/issues/topics/media/christopher-rufo/>

<https://www.city-journal.org/article/the-murky-business-of-transgender-medicine>

<https://apnews.com/article/texas-doctor-transgender-care-indicted-80f26e760bdf857c4728bd39e2fddc50>

<https://www.youtube.com/watch?v=-5n1m2eXUDw>

<https://corbettreport.com/qfc082-trans-humanism/>

